

158. löggjafarþing 2026–2027.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um aðgang barna að samfélagsmiðlum

Frá mennta- og barnamálaráðherra.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að styrkja vernd barna í stafrænu umhverfi með því að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum ótímabærrar notkunar samfélagsmiðla á líðan, þroska og öryggi þeirra og styðja við uppeldishlutverk og ábyrgð foreldra og forsjáraðila.

Lög þessi gilda eingöngu um skyldur foreldra og annarra forsjáraðila um aðgang barna að samfélagsmiðlum. Lög þessi leggja ekki skyldur á þá sem veita rafræna þjónustu sem telst samfélagsmiðill samkvæmt lögum þessum, hvort sem þeir hafa staðfestu hér á landi eða erlendis.

2. gr.

Samfélagsmiðill.

Með samfélagsmiðli í skilningi laga þessara er átt við rafræna þjónustu sem gerir notendum kleift að:

- stofna eigin notendareikning,
- geyma og miðla efni sem þeir sjálfir búa til eða hlaða upp, svo sem texta, myndir eða hljóð- og myndskreið til almennings án þess að birting þess sé háð ritstjórnarlegri ábyrgð miðilsins og
- finna, tengjast og eiga í samskiptum við aðra notendur, fylgjast með efni annarra og bregðast við því eða fá efni miðlað til sín, einkum með persónusniðnum hætti.

Rafræn þjónusta telst ekki samfélagsmiðill í skilningi laga þessara ef meginhlutverk hennar felst í einu af eftirfarandi:

- tölvuleikjum og spilun þeirra,
- reglubundinni miðlun fréttu og fréttatengds efnis til almennings undir ritstjórnarlegri ábyrgð fjölmiðlaveitu samkvæmt lögum um fjölmiðla,
- rafrænum viðskiptum með vörur eða þjónustu,
- fræðslu-, náms- eða kennslukerfum grunn- og framhaldsskóla,
- samskiptum í lokuðum hópum vegna skipulagðs skóla-, íþróttu-, tómstunda- eða frístundastarfs eða
- þjónustu sem eingöngu er ætlað að miðla lokuðum skilaboðum milli afmarkaðs hóps eða tiltekinna einstaklinga.

3. gr.

Aldursmörk fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum.

Barn yngra en 15 ára skal ekki hafa sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár.

Foreldrar og forsjáraðilar skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum 1. mgr. og virði aldursmörk með því að koma í veg fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðli.

Skylda samkvæmt 1. og 2. mgr. leggur hvorki beinar né óbeinar skyldur á þá sem veita rafræna þjónustu sem telst samfélagsmiðill skv. 2. gr., þar á meðal að sannreyna aldur notenda, synja þeim um aðgang, fylgjast með notkun eða grípa til annarra tæknilegra eða rekstrarlegra ráðstafana.

4. gr.

Fræðsla og forvarnir.

Ráðherra skal, eftir atvikum í samstarfi við ráðherra sem fara með málefni sem varða fjölmiðla, heilbrigðismál, fjarskipti og netöryggi, stuðla að því að fram fari reglubundin fræðsla til barna, foreldra og forsjáraðila um ábyrga notkun samfélagsmiðla og áhrif notkunar þeirra á heilsu, þroska og velferð barna. Fræðslan skal meðal annars fara fram á vettvangi grunnskóla.

5. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Breyting á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Í stað orðanna „13 ára“ í 1. og 2. málsl. 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: 15 ára.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð þegar samræmdar reglur um aldursmörk eða aldursstaðfestingu barna á samfélagsmiðlum taka gildi á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

*Greinargerð.***1. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Forsögu frumvarpsins má rekja til vaxandi umræðu um áhrif samfélagsmiðla á líðan og þroska barna, sem meðal annars kom skýrt fram á Barnaþingi umboðsmanns barna sem haldið var síðla árs 2025. Í framhaldinu vann ráðuneytið, í samstarfi við Netöryggismiðstöð Íslands (Netvís), að greiningu á forsendum og mögulegri útfærslu aldursmarka fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum.

Meginniðurstaða þeirrar vinnu var að brýn þörf væri á að efla vernd barna í stafrænu umhverfi og marka skýrari samfélagsleg viðmið um lágmarksaldur fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum. Við vinnuna var tekið mið af fyrirliggjandi rannsóknum á þeim áhrifum sem ótímabær notkun samfélagsmiðla getur haft á börn, þróun varðandi öryggi barna á netinu og aðgang þeirra að samfélagsmiðlum í ríkjum Evrópusambandsins og EES-ríkjum,

auk þess samráðs sem haft var við börn og helstu hagaðila. Frumvarp þetta byggist á niðurstöðum þessarar vinnu.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Á undanförnum árum hefur notkun samfélagsmiðla orðið ríkari þáttur í daglegu lífi barna. Samhliða því hefur athygli í auknum mæli beinst að þeim neikvæðu áhrifum sem notkunin kann að hafa á líðan, þroska og öryggi barna. Þar hefur meðal annars verið litið til hönnunareiginleika samfélagsmiðla sem geta stuðlað að langvarandi eða endurtekinni notkun, svo sem endalauss flæðis efnis, sjálfvirkar spilunar, tilkynninga og persónusniðin meðmæla-eða umbunarkerfi. Einnig hefur verið bent á áhættu sem kann að fylgja duldu auglýsingum á samfélagsmiðlum, áhrifamarkaðssetningu og miðlun efnis sem ekki er við hæfi barna.

Rannsóknir á áhrifum samfélagsmiðla á börn og ungmenni draga fram margþætta mynd. Notkun samfélagsmiðla getur haft jákvæð áhrif, meðal annars með því að auðvelda samskipti, þátttöku, sköpun og bæta aðgengi að upplýsingum. Jafnframt benda rannsóknir til þess að mikil eða áráttukennd notkun geti haft neikvæð áhrif á heilsu og velferð barna. Það á einkum við þegar notkunin truflar svefn, nám eða önnur dagleg viðfangsefni barns eða felur í sér félagslegan samanburð, neteinelti, áreitni eða endurtekna útsetningu fyrir skaðlegu efni. Slík notkun kann að hafa áhrif á sjálfsmynd, andlega heilsu, félagsþroska og námsgetu barna. Áhrifin eru þó mismunandi eftir aldri og þroska barns, eðli og umfangi notkunarinnar, því efni sem barnið sér og þeim aðstæðum sem notkunin fer fram við.

Markmið frumvarpsins er að styrkja vernd barna í stafrænu umhverfi, draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum ótímabærrar notkunar samfélagsmiðla og styðja foreldra og forsjáraðila við að börn hlíti samræmdum aldursmörkum. Jafnframt er markmiðið að efla fræðslu og forvarnir til að auka vitund barna og foreldra á ábyrgri notkun samfélagsmiðla.

Við undirbúning frumvarpsins fór fram mat á nauðsyn lagasetningar og við það mat var m.a. skoðað hvort rétt væri að aðhafast ekki og treysta eingöngu á fræðslu og almennar leiðbeiningar til barna og foreldra um aðgang barna að samfélagsmiðlum og þeim áhrifum sem notkun kann að hafa á heilsu barna. Sú leið var ekki talin fullnægjandi ein og sér til að skapa skýrt og samræmt samfélagslegt viðmið þar sem foreldrar og forsjáraðilar standa oft frammi fyrir miklum þrýstingi innan samfélagsins varðandi aðgengi barna að samfélagsmiðlum þar sem ekki eru fyrir hendi skýrar og samræmdar reglur um slíkt. Því var talin þörf á að setja skýra lagareglu um að barn yngra en 15 ára skuli ekki hafa sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum. Sú leið sem lögð er til í frumvarpi þessu byggist á því að skyldan er sett á foreldra og forsjáraðila að tryggja að börn hlíti aldursmarki laganna, án sérstaks eftirlits eða viðurlaga, heldur með reglubundinni fræðslu og vitundarvakningu á þeim skaðlegum áhrifum sem ótímabær notkun samfélagsmiðla kann að hafa á börn. Arangurinn ræðst því að verulegu leyti af því að fræðsla verði markviss, að foreldrar og forsjáraðilar þekki aldursviðmiðið og að fylgst verði með áhrifum laganna.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur á undanförnum árum verið lögð aukin áhersla á vernd barna í stafrænu umhverfi. Aðgerðir sambandsins hafa annars vegar falist í setningu almennra reglna um ábyrgð og hönnun stafrænna þjónustuveitenda og hins vegar í stefnumótun, leiðbeiningum, þróun aldursstaðfestingarlausna og eftirliti með stærstu netvettvöngunum. Hluti af framangreindum aðgerðum sambandsins er setning reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2065, um innri markað fyrir stafræna þjónustu (e. Digital Services Act., DSA) sem kveður m.a. á um skyldur netvettvanga sem eru aðgengilegir ólöggráða einstaklingum. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar skulu veitendur slíkra

netvettvanga gera viðeigandi og hóflegar ráðstafanir til að tryggja ólögráða einstaklingum öfluga vernd friðhelgi einkalífs, öryggis og netverndar við notkun þjónustunnar. Reglugerðin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn en unnið er að undirbúningi upptöku hennar hér á landi í samstarfi við EFTA-ríkin og stofnanir Evrópusambandsins.

Þá hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins unnið að tillögu um aukna sanngirni í stafrænu umhverfi (e. Digital Fairness Act.). Markmið hennar er að styrkja neytendavernd á netinu, einkum vernd barna, og bregðast meðal annars við ávanabindandi hönnun stafrænna þjónustna, villandi eða stýrandi viðmóti og skaðlega persónusniðna miðlun. Þessi vinna endurspeglar áherslu innan Evrópu á að vernda börn gegn viðskiptaháttum og hönnunareiginleikum sem geta ýtt undir óhóflega eða árátukennda notkun stafrænna þjónustna. Rétt er að taka fram að tillagan hefur ekki verið lögð fram en það er fyrirhugað fyrir árslok 2026. Þá er óvíst er í hvaða mynd hún verður samþykkt og tekin upp í EES-samninginn.

Í september 2026 kynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu að reglugerð um vernd barna á netinu (e. EU Kids Act., COM(2026) 681 final). Tillagan gerir ráð fyrir samræmdu aldursviðmiði þannig að börn geti stofnað sjálfstæðan reikning á tilteknum samfélagsmiðlum frá 15 ára aldri. Rétt er að taka fram að tillagan er á upphafsstigum og hefur því ekki bindandi gildi. Óvíst er hvenær og í hvaða mynd hún verður samþykkt og tekin upp í EES-samninginn.

Þótt framangreind reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2065 kveði á um almennar skyldur netvettvanga til að tryggja öryggi og persónuvernd ólögráða barna, þá mælir hún ekki fyrir um samræmd aldursmörk fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum. Þá takmarkar reglan um upprunaland í tilskipun 2000/31/EB um rafræn viðskipti, sem hefur verið innleidd hér á landi með lögum nr. 30/2002, svigrúm einstakra aðildarríkja til að leggja einhliða rekstrarkvaðir, aðgangshindranir eða sérstök viðurlög á erlenda þjónustuveitendur sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki.

Þar sem engar lögbundnar reglur um aldursmörk barna á samfélagsmiðlum eru í gildi hér á landi og samræmdar evrópskar reglur um aldursmörk eru enn í mótun á vettvangi Evrópusambandsins og EES-ríkja, er talið brýnt að marka skýra stefnu í íslenskum lögum. Frumvarpinu er ætlað að festa í sessi reglu sem felur í sér samfélagslegt verndar- og forvarnarviðmið sem miðar að því að styrkja vernd barna og styður við uppeldishlutverk foreldra og forsjáraðila, þar til bindandi og samræmdar reglur um aldursmörk taka gildi á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Markmið og gildissvið

Með frumvarpinu er lagt til að með lögum verði mælt fyrir um takmörkun á sjálfstæðum aðgangi barna yngri en 15 ára að slíkum miðlum og þannig verði vernd þeirra og öryggi styrkt. Meginregla frumvarpsins er að barn yngra en 15 ára skuli ekki hafa sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum og að foreldrar og forsjáraðilar skuli sjá til þess að börn virði aldursmarkið. Aldursmarkið miðast við fæðingarár. Við beitingu þess telst barn því hafa náð aldursmarkinu frá 1. janúar árið sem það verður 15 ára.

Frumvarpið byggist á því að aldursmarkið sé almennt verndar- og uppeldisviðmið sem styðji foreldra og forsjáraðila við að setja börnum samræmd mörk í stafrænu umhverfi. Fyrirmynd að þeirri útfærslu er meðal annars sótt í barnaverndarlög, nr. 80/2002, um

útvístartíma barna og skyldu foreldra og forsjáraðila til að sjá til þess að börn hlíti þeim reglum, sbr. 92. og 94. gr. laganna.

Ekki er mælt fyrir um refsingar eða önnur sérstök viðurlög vegna brota gegn aldursmarkinu. Markmið laganna er ekki að refsa foreldrum eða börnum sem ekki virða aldursmark laganna heldur að skapa almennt viðmið í samfélaginu sem miðar að því að styrkja vernd barna í stafrænu umhverfi með því að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum ótímabærrar notkunar samfélagsmiðla á líðan barna. Áhersla er lögð á forvarnir, fræðslu um áhrif samfélagsmiðla á heilsu, þroska og velferð barna og stuðning við uppeldishlutverk foreldra og forsjáraðila barna, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

3.2. Skilgreining hugtaksins samfélagsmiðill

Í frumvarpinu er hugtakið *samfélagsmiðill* skilgreint út frá hlutlægum eiginleikum þjónustunnar. Undir hugtakið fellur rafræn þjónusta sem gerir notendum kleift að stofna eigin notendareikning, geyma og miðla efni sem notandi býr sjálfur til eða hleður upp og miðlar til almennings, finna og tengjast öðrum notendum, fylgjast með efni þeirra, bregðast við því eða fá efni miðlað til sín.

Jafnframt eru tilgreindir flokkar rafrænnar þjónustu sem falla utan hugtaksins *samfélagsmiðill* þegar meginhlutverk þjónustunnar felst í einu þeirra atriða sem talin eru upp í ákvæðinu. Þess konar þjónusta getur falist í tölvuleikjum og spilun þeirra, miðlun fréttu til almennings, rafræn viðskipti með vörur eða þjónustu, náms- og kennslukerfum, samskiptum vegna skipulagðs barna- og ungmennastarfs eða lokuðum skilaboðum milli tiltekinna einstaklinga eða innan afmarkaðs hóps. Afmörkuninni er ætlað að tryggja skýrleika og fyrirsjáanleika, enda hvílir á foreldrum og forsjáraðilum sú skylda að sjá til þess að börn virði aldursmörk frumvarpsins. Því var talið mikilvægt að bæði skilgreiningin og þjónusta sem fellur utan hennar væri ekki of tæknilegs eðlis. Jafnframt er afmörkuninni ætlað að koma í veg fyrir að aldursmarkið takmarki aðgang barna að gagnlegri rafrænni þjónustu, svo sem náms- og kennslukerfum, fréttum og upplýsingum eða hefðbundnum samskiptum á milli einstaklinga eða innan afmarkaðra hópa. Skýr skilgreining á hugtakinu *samfélagsmiðill* tekur einnig mið af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. ágúst 2026 við norskt frumvarp um aldursmörk fyrir aðgang að samfélagsmiðlum (n. Utkast til lov om aldersgrense for bruk av sosiale medier). Þar var áhersla lögð á að skilgreiningar sem varða þjónustu upplýsingasamfélagsins verði að vera skýrar og koma fram í lagatextanum. Í kafla 4.2. hér að neðan er fjallað ítarlega um athugasemdir ESA.

3.3. Aldursmörk fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum

Í frumvarpinu er kveðið á um þá meginreglu að barn yngra en 15 ára skuli ekki hafa sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum og að foreldrar og forsjáraðilar skuli sjá til þess að börn hlíti þeirri reglu.

Jafnframt er tekið af tvímæli um að skyldur samkvæmt frumvarpinu leggi hvorki beinar né óbeinar skyldur á þá sem veita rafræna þjónustu sem telst samfélagsmiðill í skilningi laganna. Þjónustuveitendum er því ekki gert að sannreyna aldur notenda, synja börnum um aðgang, fylgjast með notkun þeirra eða grípa til annarra tæknilegra eða rekstrarlegra ráðstafana. Þessi afmörkun kemur fram bæði í gildissviðsákvæði frumvarpsins og í ákvæði þess um aldursmörk.

Með þessari útfærslu er tekið mið af meginreglunni um upprunaland samkvæmt 3. gr. tilskipunar 2000/31/EB, um rafræn viðskipti, sem innleidd er í íslenskan rétt með 3. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Útfærslan tekur einnig mið af

athugasemndum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. ágúst 2026 sem fjallað er um í kafla 4.2. hér að neðan. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að taka af tvímæli um að slíkar skyldur hvíli ekki á þjónustuveitendum.

3.4. Fræðsla og forvarnir

Til að styðja við markmið laganna um öryggi og velferð barna í stafrænu umhverfi er lagt til í frumvarpinu að ráðherra skuli stuðla að reglubundinni fræðslu til barna, foreldra og forsjáraðila um ábyrga notkun samfélagsmiðla og áhrif notkunarinnar á heilsu, þroska og velferð barna. Fræðslan skal meðal annars fara fram á vettvangi grunnskóla og beinist þannig að sérstaklega að börnum á grunnskólaaldri og foreldrum þeirra.

Málefni barna í stafrænu umhverfi tengjast stjórnarmálefnum fleiri en eins ráðherra. Því er gert ráð fyrir því að ráðherra stuðli að fræðslunni og geti átt samstarf við aðra ráðherra sem fara með málefni fjölmiðla, heilbrigðismála, fjarskipta og netöryggis.

Reglubundin fræðsla á vettvangi grunnskóla styður við meginreglu frumvarpsins um aldursmark og skyldu foreldra og forsjáraðila til að sjá til þess að börn virði það. Aukin þekking barna og foreldra á þeirri hættu sem kann að fylgja notkun samfélagsmiðla og mögulegum skaðlegum áhrifum hennar á andlega og líkamlega heilsu barna er til þess fallin að stuðla að því að aldursmarkið verði frekar virt og að sameiginlegur skilningur skapist á mikilvægi þess að takmarka aðgang barna að samfélagsmiðlum.

3.5. Breyting á öðrum lögum

Frumvarpið felur einnig í sér breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Lagt er til að aldur barns til að samþykkja sjálft vinnslu persónuupplýsinga þegar því er boðin þjónusta upplýsingasamfélagsins með beinum hætti verði hækkaður úr 13 árum í 15 ár.

Breytingin tekur til þjónustu upplýsingasamfélagsins almennt og er því ekki bundin við samfélagsmiðla. Hún tekur aðeins til vinnslu sem byggist á samþykki barns og breytir ekki heimildum til vinnslu sem byggjast á öðrum vinnsluheimildum persónuverndarlöggjafar. Aldursmark samkvæmt persónuverndarlögunum miðast við 15 ára afmælisdag barns ólíkt aldursmarki samkvæmt frumvarpinu sem miðast við fæðingarár þess. Barn getur þannig fengið sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðli 1. janúar árið sem það verður 15 ára en forsjáraðili þarf engu að síður að samþykkja vinnslu persónuupplýsinga þegar því er boðin þjónusta upplýsingasamfélagsins þar til barnið nær 15 ára aldri.

3.6. Ákvæði til bráðabirgða

Í samræmi við framangreindar athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) er lagt til að lögin verði endurskoðuð þegar samræmdar reglur um aldursmörk eða aldursstaðfestingu barna á samfélagsmiðlum taka gildi á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

Í athugasemdum sínum við norska frumvarpið tók ESA fram að innlend löggjöf gæti verið bráðabirgðalausn á meðan unnið væri að samræmdum reglum á vettvangi Evrópusambandsins. Taldi ESA að í innlendri löggjöf ætti að gera ráð fyrir leið til að afturkalla eða endurskoða reglur ef samsvarandi reglur yrðu teknar upp á vettvangi EES. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að íslensku lögin verði endurmetin þegar slíkar EES-reglur taka gildi, meðal annars með tilliti til gildissviðs þeirra, aldursmarka og mögulegra skyldna þjónustuveitenda. Endurskoðunarákvæðið felur ekki í sér að lögin falli sjálfkrafa úr gildi heldur að metið verði hvort breyta þurfi þeim eða fella þau brott vegna nýrra EES-reglna.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

4.1. Samræmi við stjórnarskrá og mannréttindasáttmála.

Frumvarpið felur í sér álitafni sem varða annars vegar skyldu ríkisins til að tryggja börnum nauðsynlega vernd og umönnun og hins vegar rétt barna til tjáningar, upplýsinga, friðhelgi einkalífs og þátttöku. Við undirbúning frumvarpsins var lagt mat á hvernig gæta mætti jafnvægis milli þessara sjónarmiða.

Samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, skal börnum tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Um réttindi og velferð barna er jafnframt fjallað í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013 (hér eftir: barnasáttmálinn). Samkvæmt 3. gr. barnasáttmálans skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn. Markmið frumvarpsins er að styðja við þessar verndarskyldur með því að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum ótímabærrar notkunar samfélagsmiðla á líðan, þroska og öryggi barna.

Við mat á frumvarpinu var jafnframt litið til 5. og 18. gr. barnasáttmálans. Þar er annars vegar viðurkennd ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra og forsjáraðila til að veita barni leiðsögn í samræmi við stigvaxandi þroska þess og hins vegar kveðið á um sameiginlega ábyrgð foreldra á uppeldi og þroska barns. Frumvarpinu er ætlað að styðja foreldra og forsjáraðila í því hlutverki með skýru samfélagslegu viðmiði um aldursmörk fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum.

Aldursmark frumvarpsins snertir tjáningar- og upplýsingafrelsi barna samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 13. og 17. gr. barnasáttmálans. Sjálfstæður aðgangur að samfélagsmiðlum getur verið leið barna til að tjá sig, taka við upplýsingum og taka þátt í félagslegri og samfélagslegri umræðu. Frumvarpið felur því í sér ákveðna takmörkun á tiltekinni leið barna til að afla og miðla upplýsingum.

Við mat á meðalhófi er litið til þess að markmið takmörkunarinnar er að vernda heilsu, þroska, öryggi og réttindi barna. Aldursviðmiðið er talið til þess fallið að styðja foreldra og forsjáraðila við að setja samræmd mörk og draga úr hópþrýstingi, einkum þegar því fylgir reglubundin fræðsla. Vægari úrræði eins og tilmæli eða leiðbeiningar voru ekki talin tryggja sama skýrleika eða samræmi og lögbundið aldursviðmið. Það dregur þó úr íþyngjandi áhrifum að ekki er mælt fyrir um sérstakt eftirlit, þvingunarúrræði eða viðurlög og að áhrif frumvarpsins ráðast því að verulegu leyti af þátttöku foreldra og forsjáraðila. Takmörkunin er jafnframt afmörkuð við sjálfstæðan aðgang og tekur ekki til almennrar netnotkunar, námskerfa, ritstýrðar fréttamiðlunar eða lokaðra samskipta samkvæmt nánari skilyrðum frumvarpsins. Að teknu tilliti til þessarar afmörkunar, verndarmarkmiðsins og endurskoðunarákvæðis laganna er talið að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er. Frumvarpið snertir einnig rétt barna og foreldra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 16. gr. barnasáttmálans. Skylda foreldra og forsjáraðila til að sjá til þess að börn virði aldursmarkið felur í sér lögbundið viðmið um uppeldi og ákvarðanir innan fjölskyldu. Við mat á því inngripi er litið til þess að ákvæðið styður við almennar forsjár- og uppeldisskyldur foreldra, að það miðar að vernd barna og að ekki er gert ráð fyrir opinberu eftirliti með samfélagsmiðlanotkun einstakra barna eða sérstökum viðurlögum vegna brota.

Aldursmarkið felur í sér mismunandi stöðu barna eftir aldri og kemur því til skoðunar samkvæmt jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og 2. gr. barnasáttmálans. Aldursaðgreiningin byggist á málefnalegu markmiði um vernd barna og almennu mati á þroska þeirra og þeirri áhættu sem getur fylgt samfélagsmiðlanotkun. Með því að miða aldursmarkið við fæðingarár er jafnframt leitast við að tryggja að börn í sama árgangi lúti sama viðmiði á sama tíma og draga úr aðstöðumun og hópþrýstingi innan árganga. Að þessu virtu er talið að aldursviðmiðið samrýmist jafnræðisreglu.

Við undirbúning frumvarpsins var aflað sjónarmiða barna og ungmenna í samræmi við 12. gr. barnasáttmálans. Við endanlega útfærslu frumvarpsins var meðal annars tekið mið af sjónarmiðum þeirra um aldursviðmið inn á miðlana, mikilvægi verndar gegn skaðlegu efni og ávanabindandi eiginleikum samfélagsmiðla en jafnframt að tryggja áfram aðgang þeirra að upplýsingum, námi, t.d. félagslegri þátttöku og samskiptum.

4.2. EES-réttur og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarp þetta felur ekki í sér innleiðingu á EES-gerð en efni þess kemur inn á EES-rétt. Samkvæmt 3. gr. tilskipunar 2000/31/EB, um rafræn viðskipti, gildir meginreglan um upprunaland um þau atriði sem falla innan samræmda sviðs tilskipunarinnar. Meginreglan felur í sér að þjónustuveitendur lúta að meginstefnu reglum þess EES-ríkis þar sem þeir hafa staðfestu að því er varðar stofnun og starfrækslu þjónustunnar. Aðildarríkjum er almennt óheimilt að takmarka frjálst flæði þjónustu frá öðrum EES-ríkjum vegna atriða sem falla innan samræmda sviðs tilskipunarinnar. Reglan hefur verið innleidd í íslenskan rétt með 3. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Í athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. ágúst 2026 við norskt frumvarp um aldursmörk fyrir aðgang barna að samfélagsmiðlum kom fram að óljóst væri af orðalagi norsku draganna hvort þau legðu í reynd skyldur á veitendur þjónustu upplýsingasamfélagsins um að stjórna aðgangi barna inn á miðlana. Stofnunin taldi að ef almenn og óhlutbundin löggjöf legði slíkar skyldur á þjónustuveitendur með staðfestu í öðrum EES-ríkjum gæti hún farið gegn upprunalandsreglu tilskipunarinnar. Jafnframt kom fram að ef löggjöfin legði engar skyldur á veitendur rafrænnar þjónustu sem telst samfélagsmiðill félli hún ekki innan samræmda sviðs tilskipunarinnar. Tekið hefur verið mið af þessum athugasemdum ESA við útfærslu frumvarpsins. Í gildissviðsákvæði og ákvæði um aldursmörk er tekið af tvímæli um að aldursmarkið og skylda foreldra og forsjáraðila til að sjá til þess að börn virði það leggur hvorki beinar né óbeinar skyldur á þjónustuveitendur. Þeim er því ekki gert að sannreyna aldur notenda, synja börnum um aðgang, fylgjast með notkun þeirra eða grípa til annarra tæknilegra eða rekstrarlegra ráðstafana vegna aldursmarksins.

Frumvarpið getur engu að síður haft óbein áhrif á notkun þjónustu sem veitt er yfir landamæri innan EES. Við mat á samræmi þess við 36. gr. EES-samningsins um frjálsa þjónustustarfsemi er litið til þess að markmið frumvarpsins er vernd heilsu, öryggis og velferðar barna, að ákvæðin gera ekki greinarmun á þjónustu eftir upprunaríki og að þau leggja ekki skyldur á þjónustuveitendur. Með hliðsjón af afmörkuðu gildissviði, undanþágum frumvarpsins og því að ekki er mælt fyrir um sérstök viðurlög er talið að hugsanleg takmörkun á frjálsri þjónustustarfsemi gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná markmiði frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, þannig að aldur barns til að samþykkja sjálft vinnslu persónuupplýsinga þegar því er boðin þjónusta upplýsingasamfélagsins með beinum hætti verði hækkaður úr 13 ára aldri í 15 ára aldur. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 er meginreglan sú að barn þurfi að hafa náð 16

ára aldri til að geta sjálft samþykkt slíka vinnslu. Aðildarríkjum er þó heimilt að ákveða lægra aldursmark í landslögum, enda sé það ekki lægra en 13 ár. Hækkun aldursmarksins í 15 ár er því innan þess svigrúms sem reglugerðin veitir. Breytingin á persónuverndarlögunum tekur til þjónustu upplýsingasamfélagsins almennt og er ekki bundin við samfélagsmiðla. Hún hefur því sjálfstæð réttaráhrif fyrir þá þjónustuveitendur sem byggja vinnslu persónuupplýsinga barna á samþykki. Áréttað er að ákvæði frumvarpsins um að engar skyldur séu lagðar á samfélagsmiðlaveitendur tekur til framkvæmdar á aldursmarki fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum en hefur ekki áhrif á þær skyldur sem leiða af persónuverndarlöggjöfnni.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2065 um innri markað fyrir stafræna þjónustu (e. Digital Services Act., DSA), hefur að geyma reglur um starfsemi milligöngubjónustu og netvettvanga, þar á meðal ákvæði sem varða vernd ólöggráða einstaklinga. Reglugerðin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn og hefur því ekki verið innleidd í íslenskan rétt. Frumvarpið felur því ekki í sér innleiðingu DSA-reglugerðarinnar og leggur ekki sambærilegar skyldur á þjónustuveitendur. Við samningu þess hefur þó verið tekið mið af þeirri þróun sem á sér stað innan Evrópusambandsins varðandi vernd barna í stafrænu umhverfi. Þar undir fellur einnig tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að reglugerð um vernd barna á netinu (e. EU Kids Act. COM(2026) 681 final), sem er á frumstigi og hefur ekki lagalega bindandi stöðu hér á landi. Þar er miðað við að lágmarksaldur fyrir sjálfstæðan aðgang barna á samfélagsmiðla verði 15 ára aldur. Í ljósi þessarar þróunar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð þegar samræmdar reglur um aldursmörk eða aldursstaðfestingu barna á samfélagsmiðlum taka gildi á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarpið felur ekki í sér innleiðingu EES-gerðar. Drög að frumvarpinu fela hins vegar í sér tæknilegar reglur um fjarþjónustu og verða því tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í samræmi við lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, og reglugerð nr. 731/2026, um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535, um tilhögun miðlunar upplýsinga

um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, eins og hún hefur verið tekin upp í EES-samninginn.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst börn sem nota eða kunna að nota samfélagsmiðla, einkum börn undir 15 ára aldri sem fyrirhuguð aldursmörk taka til. Frumvarpið varðar jafnframt foreldra og forsjáraðila, sem gegna hlutverki samkvæmt 2. mgr. 3. gr., sem og grunnskóla og aðra þá aðila sem kunna að koma að fræðslu og forvörnum samkvæmt 4. gr. Frumvarpið snertir enn fremur veitendur rafrænnar þjónustu sem falla undir gildissvið 1. mgr. 2. gr., stjórnvöld sem starfa að málefnum barna, netöryggi og persónuvernd og félaga- og hagsmunasamtök á tengdum sviðum.

Áhrif frumvarpsins á börn geta verið breytileg eftir aðstæðum þeirra. Í því sambandi eru m.a. höfð í huga fötluð og langveik börn, börn sem glíma við skólaforðun, félagslega einangruð börn, börn í dreifbýli og börn sem tilheyra minnihlutahópum, þ. á m. hinsegin börn og börn af erlendum uppruna. Um mat á þeim áhrifum vísast til 6. kafla frumvarpsins.

Við undirbúning málsins hefur verið lögð rík áhersla á að afla sjónarmiða barna í samræmi við 12. gr. barnasáttmálans, enda varðar frumvarpið fyrst og fremst réttindi þeirra, vernd og þátttöku í stafrænu umhverfi.

Á Barnaþingi umboðsmanns barna, sem haldið var í Hörpu dagana 20.–21. nóvember 2025, fór fram sérstök umræða um notkun síma og samfélagsmiðla. Barnaþingmenn kusu um þær tillögur sem fram komu og að lokinni þeirri vinnu var mótuð sameiginleg niðurstaða um svonefndan Símasáttmála barnaþingmanna 2025. Meðal þess sem samstaða náðist um var 15 ára aldursmark inn á samfélagsmiðla, skýrar reglur um símanotkun í skólum, mikilvægi vitundar barna um eigið öryggi og annarra á netinu sem og þess að foreldrar væru góðar fyrirmyndir.

Ungmennaráð Samfés, sem skipað er 27 kjörnum fulltrúum 13–16 ára barna víðsvegar af landinu, hefur einnig fjallað um samfélagsmiðla á sínum vettvangi. Á fundum ráðsins hefur m.a. komið fram að mörg börn telji sig hafa fengið aðgang að samfélagsmiðlum of snemma. Í því sambandi er m.a. lögð áhersla á að gera þurfi greinarmun á samfélagsmiðlum og samskiptamiðlum og að börn noti miðlana með öðrum hætti en fullorðnir, t.d. til fréttaoðflunar. Jafnframt þurfi að taka tillit til þess að félagslegar aðstæður barna séu ólíkar.

Þann 16. apríl sl. hélt mennta- og barnamálaráðuneytið vinnustofu með börnum þar sem m.a. var fjallað um upplifun þeirra af stafrænu umhverfi, samfélagsmiðlum, öryggi, aðgangi að upplýsingum og ábyrgð fullorðinna, stjórnvalda og fyrirtækja í stafrænu umhverfi. Fram kom að börn telji mikilvægt að stjórnvöld bregðist við hættum í stafrænu umhverfi en jafnframt að lausnir verði mótaðar þannig að börn séu ekki útilokuð frá upplýsingum á netinu, tjáningu og samfélagsþátttöku. Þátttakendur töldu mikilvægt að settur yrði skýrari rammi um notkun samfélagsmiðla, börn vernduð gegn skaðlegu efni og fræðsla, miðlalæsi og gagnrýnin hugsun yrðu eflað. Mörg þeirra töldu að aldursviðmið á bilinu 14–16 ára kæmi til greina, en jafnframt að foreldrar og aðrir forsjáraðilar þyrftu að hafa skýrt hlutverk við leiðsögn, stuðning og eftirlit.

Ráðuneytið hélt vinnustofu, 5. mars 2006 með fjölbreytum hópi hagaðila. Meðal þátttakenda voru fulltrúar Heimilis og skóla, Barnaheilla, umboðsmanns barna, Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, Stafrænnar velferðar, Samfés, Netvís, ÖBÍ réttindasamtaka, UNICEF á Íslandi, dómsmála- og innviðaráðuneytis.

Helstu sjónarmið sem fram komu voru þau að lagasetning ein og sér dygði ekki til að tryggja börnum betra og öruggara stafrænt umhverfi. Til að árangur næðist væri þörf á samstilltu átaki stjórnvalda, fræðslu til barna, foreldra og fagfólks, skýrari ábyrgð fyrirtækja og virku samstarfi hlutaðeigandi aðila. Meðal annars var lögð áhersla á að ábyrgðin lægi ekki einungis hjá börnum og foreldrum, að setja þyrfti skorður við ávanabindandi hönnun stafræns efnis, markvissri auglýsingamiðlun sem beindist að börnum og viðskiptalegri hagnýtingu persónuupplýsinga um þau, auk þess sem auka þyrfti gagnsæi um algrím og efnisdreifingu.

Áform um lagasetningu voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda 14. júlí 2026 með umsagnarfresti til 29. júlí s. á., sbr. mál nr. S-132/2026. Alls bárust fimmtán umsagnir m.a. frá félaga- og hagsmunasamtökum, einstaklingum og einu sveitarfélagi.

Afstaða til aldursmarkanna sjálfra var breytileg. Hluti umsagnaraðila studdi lögbundin aldursmörk og einhverjir lögðu til hækkun upp í 16 ára aldur, aðrir lögðust gegn almennum aldursmörkum og í einhverjum tilvikum var þess óskað að áformin yrðu dregin til baka. Enn aðrir studdu markmið áformanna með þeim fyrirvara að aldursmörk gætu aðeins verið liður í heildstæðari nálgun.

Þá var kallað eftir skýrari afmörkun gildissviðs fyrirhugaðs frumvarps og afstöðu til þess hvort um væri að ræða félagslegt verndarviðmið eða lagaskyldu þjónustuveitenda. Jafnframt var kallað eftir mati á áhrifum aldursstaðfestingar á persónuvernd og áhrifum á börn í

viðkvæmri stöðu. Enn fremur var óskað eftir rökstuðningi fyrir vali á 15 ára aldursmarki og þeirri útfærslu að miða við fæðingarár í stað fæðingardags. Viðbrögð við þessum sjónarmiðum eru reifuð hér að neðan. Samráð við börn hafði margvísleg áhrif á frumvarpsdrögin, m.a. að því er varðar ákvörðun um 15 ára aldursviðmið og skilgreiningu á samfélagsmiðli, t.a.m. þannig að samskipta- og fréttamiðlar séu þar undanskildir. Samráð við hagaðila og stofnanir hafði sömuleiðis áhrif m.a. með tilliti til áherslu á fræðslu, forvarnir og samstarf hlutaðeigandi aðila. Jafnframt höfðu umsagnir við lagasetningaráformin áhrif á frumvarpið, m.a. með tilliti til þess að áhersla þyrfti að vera á heildstæðari nálgun en einungis lögbundin aldursmörk.

Við skilgreiningu á samfélagsmiðli í 2. gr. frumvarpsins var tekið mið af ábendingum sem fram komu í samráði þess efnis að betur færi á því að hún yrði afmörkuð út frá virkni þjónustunnar í stað upptalningar á einstökum þjónustum. Í áformum var horft til þess að listi yfir samfélagsmiðla úreltist hratt og í umsögnum lögð rík áhersla á að skýra þyrfti hugtakið þannig að ekki væri unnt að teygja það of vítt. Við útfærslu ákvæðisins voru m.a. höfð í huga þau sjónarmið sem fram komu í samráði um réttindi barna til tjáningar, upplýsinga og þátttöku og áhrif almennra takmarkana á börn í viðkvæmri stöðu.

Ábyrgð foreldra og forsjáraðila í 2. mgr. 3. gr. er í eðli sínu eins og reglur um útivistartíma, og er hún afmörkuð þannig að beiting ákvæðisins skuli einkum miða að leiðbeiningum, stuðningi og forvörnum. Þannig mæla lögin ekki fyrir um viðurlög, hvorki gagnvart börnum né foreldrum. Er sú útfærsla í samræmi við sjónarmið sem fram komu í samráði um að lagasetning ætti ekki að fela í sér íþyngjandi úrræði gagnvart fjölskyldum. Í 4. gr. er kveðið á um fræðslu og forvarnir en í samráði var viðtæk samstaða um að efla þyrfti stafrænt læsi og fræðslu, óháð því hvort aldursmark á samfélagsmiðla yrði lögfest.

Í umsögnum var eindregið kallað eftir því að lagðar yrðu skyldur á þjónustuveitendur, meðal annars um aldursstaðfestingu, sjálfgefnar barnvænar öryggisstillingar, takmarkanir á ávanabindandi hönnun, markvissri markaðssetningu til barna, gagnsæi um algrím og reglubundið áhættumat, ásamt eftirliti og viðurlögum. Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem liggja að baki þessum umsögnum. Svigrúm löggjafans til að mæla fyrir um kvaðir á þjónustuveitendur upplýsingasamfélagsþjónustu er hins vegar takmarkað af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Um þessi atriði vísast nánar til kafla 4.2 hér að ofan.

Frumvarpið var kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda þann 25. september 2026 [....]

6. Mat á áhrifum.

Frumvarp þetta hefur fyrst og fremst áhrif á börn yngri en 15 ára, foreldra þeirra og aðra forsjáraðila. Frumvarpinu er ætlað að hafa jákvæð áhrif á heilsu, þroska, öryggi og velferð barna með því að draga úr ótímabærri og óheftri notkun þeirra á samfélagsmiðlum. Að því marki sem frumvarpið leiðir til breytinga á notkun barna á samfélagsmiðlum má ætla að það geti dregið úr áhættu sem tengist skaðlegum hönnunarpáttum samfélagsmiðla, svo sem áráttukenndri notkun, félagslegum samanburði, neteinelti og endurtekinni birtingu skaðlegs efnis. Sameiginlegt aldursviðmið getur jafnframt dregið úr jafningjaprýstingi og styrkt stöðu foreldra og forsjáraðila við að setja börnum mörk í stafrænu umhverfi.

Frumvarpið felur þó hvorki í sér skyldu þjónustuveitenda til að sannreyna aldur notenda né eftirlit eða viðurlög vegna brota gegn aldursmarkinu og er fyrst og fremst ætlað að skapa sameiginleg samfélagsleg viðmið og styðja við breytingar á viðhorfum og hegðun þegar kemur að notkun barna á samfélagsmiðlum.

Við mat á áhrifum frumvarpsins á börn kom fram að 15 ára aldursmark gæti takmarkað möguleika barna til að afla sér upplýsinga, tjá sig, viðhalda félagslegum tengslum og taka þátt

í samfélagi sem að hluta fer fram á stafrænum vettvangi. Slík áhrif gætu einkum komið niður á börnum sem reiða sig í ríkari mæli en önnur börn á stafræn samskipti, svo sem félagslega einangruðum börnum, börnum sem glíma við skólaforðun, börn sem treysta á samskipti á netinu vegna fötlunar, langveikum börnum, hinsegin börnum, börnum af erlendum uppruna og börnum sem búa í dreifbýli.

Við vinnslu frumvarpsins var leitast við að draga úr þessum neikvæðu áhrifum. Frumvarpið tekur þannig aðeins til sjálfstæðs aðgangs barna að rafrænni þjónustu sem fellur undir skilgreiningu þess á hugtakinu samfélagsmiðill en ekki almenna samskiptamiðla. Þá er sérstaklega áréttað í 2. gr. að fréttar- og fræðslumiðlar, náms- og kennslukerfi, samskipti vegna skipulagðs skóla-, íþróttar- og frístundastarfs og lokuð samskipti einstaklinga eða afmarkaðra hópa falli utan skilgreiningarinnar. Þessari afmörkun er ætlað að tryggja, eftir því sem unnt er, áframhaldandi aðgang barna að upplýsingum á netinu í tengslum við menntun, félagslegum tengslum og þátttöku í skipulögðu skóla- og frístundastarfi.

Samkvæmt 5. og 18. gr. barnasáttmálans bera foreldrar meginábyrgð á uppeldi og þroska barna og skulu veita þeim leiðsögn í samræmi við vaxandi þroska þeirra. Stjórnvöldum ber jafnframt að styðja foreldra við að rækja það hlutverk. Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er foreldrum og forsjáraðilum falið að sjá til þess að börn yngri en 15 ára hafi ekki sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum. Ákvæðinu er ætlað að styðja við uppeldishlutverk foreldra og styrkja stöðu þeirra við að setja börnum skýr mörk um notkun samfélagsmiðla. Fræðslu- og forvarnarákvæði 4. gr. miðar jafnframt að því að stjórnvöld styðji foreldra og börn þegar kemur að aðgangi að samfélagsmiðlum með upplýsingum og fræðslu og samræmist að því leyti þeirri skyldu ríkisins sem leiðir af 2. mgr. 18. gr. barnasáttmálans. Frumvarpið felur þannig í sér viðleitni til að vernda börn og styðja við uppeldishlutverk foreldra, einkum með hliðsjón af 3., 5., 17. og 18. gr. barnasáttmálans.

Markmið frumvarpsins er að vernda börn gegn áhættu sem getur fylgt ótímabærri, óheftri eða áráttukenndri notkun samfélagsmiðla, meðal annars skaðlegu efni, áreitni, óæskilegum samskiptum, umfangsmikilli söfnun persónuupplýsinga, félagslegum samanburði og hönnun sem getur ýtt undir langvarandi notkun. Frumvarpið getur því haft jákvæð áhrif á friðhelgi einkalífs barna, heilsu þeirra, öryggi, þroska og velferð og getur skapað þeim aukið svigrúm til svefns, náms, hreyfingar, tómstunda og félagslegra samskipta utan samfélagsmiðla. Það getur jafnframt stuðlað að skýrari samfélagslegum viðmiðum um ábyrgð fullorðinna á stafrænni velferð barna og auðveldað foreldrum að setja samræmd mörk.

Að teknu tilliti til markmiðs frumvarpsins, afmörkunar gildissviðs þess og þess að mikilvægir upplýsingar, náms- og samskiptavettvangar falla utan þess er talið að frumvarpið sé til þess fallið að efla vernd, heilsu og velferð barna. Þótt aldursmarkið geti haft í för með sér takmarkanir á tilteknum réttindum barna er talið að jákvæð áhrif þess á heildarhagsmuni barna vegi þyngra en hin neikvæðu áhrif, enda verði framkvæmd laganna studd með markvissri fræðslu og reglulegu mati á áhrifum þeirra á ólíka hópa barna. Frumvarpið leggur ekki beinar eða óbeinar skyldur á veitendur þjónustu sem telst til samfélagsmiðla að því er varðar aðgangsstýringu, aldursstaðfestingu eða tæknilega hönnun þjónustu. Áhrif þess á starfsemi þeirra og samkeppnisstöðu eru því talin takmörkuð.

Ákvæði frumvarpsins gilda með sama hætti um öll börn óháð kyni og fela ekki í sér beina mismunun á grundvelli kyns. Áhrif á takmörkun samfélagsmiðlanotkunar fyrir börn yngri en

15 ára geta hugsanlega þó verið mismunandi eftir kyni. Gögn benda til þess að stúlkur séu líklegri en drengir til að verða fyrir þrýstingi varðandi útlit og hegðun vegna samfélagsmiðlanotkunar og eru líklegri en drengir til að hafa gert tilraun til að minnka tíma á samfélagsmiðlum en ekki tekist það. Verndaráhrif frumvarpsins gætu því haft meiri áhrif á líðan stúlkna en drengja.

Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 5. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 þess efnis að aldursmark fyrir sjálfstætt samþykki barns vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við þjónustu í upplýsingasamfélaginu verði hækkað úr 13 árum í 15 ár. Ráðstöfunin er til þess fallin að efla vernd barna á aldrinum 13 og 14 ára gegn ógagnsærri gagnasöfnun, gerð persónusniða og markhópagreiningu af hálfu samfélagsmiðla án aðkomu forsjáradíla. Breytingin fellur innan þess svigrúms sem 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 veitir aðildarríkjum til að ákveða lágmarksaldur á bilinu 13 til 16 ára. Ákvæði frumvarpsins eru ekki talin fela í sér aukna áhættu fyrir friðhelgi einkalífs, heldur séu þau til þess fallin að styrkja réttarstöðu þeirra og stuðla að aukinni vernd persónuupplýsinga þeirra í stafrænu umhverfi.

Frumvarpið hefur óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga, en gert er ráð fyrir að kostnaður vegna fræðslu og vitundarvakningar skv. 4. gr. rúmist innan fjárhagsramma mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er markmið laganna skilgreint með skýrum hætti og gildissvið fyrirhugaðar lagasetningar. Lögð er áhersla á að tryggja velferð og öryggi barna í stafrænu umhverfi og styðja við uppeldishlutverk foreldra. Í 1. mgr. kemur fram að meginmarkmið laganna sé að styrkja vernd barna í stafrænu umhverfi með því að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum ótímabærrar notkunar samfélagsmiðla á líðan, þroska og öryggi þeirra. Rannsóknir benda til þess að ótímabær notkun ungra barna á samfélagsmiðlum geti haft margvísleg neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra, svo sem með raski á svefni, aukinni hættu á neteinelti, áreitni og útsetningu fyrir skaðlegu efni. Þá geta tilteknir hönnunareiginleikar og meðmælakerfi samfélagsmiðla stuðlað að endurtekinni notkun eða áráttukenndri notkun. Markmið laganna er jafnframt að styðja við uppeldishlutverk og ábyrgð foreldra og forsjáradíla með því að skapa skýrt samfélagslegt viðmið sem styrkir þá í að setja börnum mörk í stafrænu umhverfi sem getur dregið úr jafningja- og hópþrýstingi og aukið samveru og félagsleg samskipti barna í raunheimum.

Í 2. mgr. er gildissvið laganna afmarkað með afdráttarlausum hætti. Þar kemur fram að lögin gildi eingöngu um skyldur foreldra og forsjáradíla um að takmarka aðgang barna yngri en 15 ára að samfélagsmiðlum. Afmörkunin fellur vel að almennum forsjár- og uppeldisskyldum foreldra samkvæmt 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Þar kemur meðal annars fram að foreldrum beri að annast barn sitt, sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag þess og þörfum. Reglan á jafnframt hliðstæðu í almennum verndarákvæðum XVII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í 92. gr. laganna er mælt fyrir um útivistartíma barna og samkvæmt 94. gr. skulu foreldrar eða forsjáradílar sjá til þess að börn hlíti þeim reglum. Er ákvæðum laganna með sambærilegum hætti ætlað að veita foreldrum og öðrum forsjáradílum stuðning og skýr viðmið við uppeldi barna.

Jafnframt er í 2. mgr. tekið sérstaklega fram að engar skyldur samkvæmt lögnum hvíli á þeim sem veita rafræna þjónustu sem telst samfélagsmiðill, hvort sem þeir hafa staðfestu hér á landi eða erlendis. Afmörkuninni er ætlað að tryggja að lögin feli hvorki í sér beinar né óbeinar kröfur um starfsemi slíkra þjónustuveitenda og að taka af tvímæli um að þeim sé ekki gert að sannreyna aldur notenda, hindra aðgang barna eða gera aðrar tæknilegar ráðstafanir vegna aldursmarka samkvæmt lögnum. Afmörkunin tekur mið af upprunalsreglunni sem er að finna í 3. gr. tilskipunar nr. 2000/31/EB um rafræn viðskipti, sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt, sbr. lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002. Samkvæmt reglunni ber ríki þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu að tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við þær innlendu kröfur sem falla undir samræmt svið tilskipunarinnar. Öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins er að jafnaði óheimilt að takmarka frjálst flæði slíkrar þjónustu af ástæðum sem falla undir hið samræmda svið, sbr. m.a. dóm Evrópudómstólsins í máli C-376/22 (Google Ireland). Í athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. ágúst 2026 við drög að norsku frumvarpi um aldursmörk barna á samfélagsmiðlum, mál nr. 95998, skjal nr. 1615857, kom m.a. fram að óljóst orðalag norsku frumvarpsdraganna gæti í reynd lagt skyldur á rafræna þjónustu sem telst samfélagsmiðill m.a. um að stjórna aðgangi barna að þjónustu sinni. Taldi ESA að ef frumvarpið legði engar skyldur á veitendur rafrænnar þjónustu félli það utan hins samræmda sviðs tilskipunar 2000/31/EB. Jafnframt lagði stofnunin áherslu á að það yrði að vera skýrt tekið fram í lagatextanum að engar skyldur væru lagðar á þjónustuveitendur með staðfestu utan Noregs. Orðalagi 2. mgr. er ætlað að bregðast við þessum sjónarmiðum ESA og taka af tvímæli um að lögin leggi engar slíkar skyldur á þjónustuveitendur rafrænnar þjónustu.

Afmörkun greinarinnar er þannig ætlað að stuðla að meðalhófi og jafnvægi milli verndar barna og réttinda þeirra samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Þar ber sérstaklega að líta til 13. gr. samningsins um rétt barna til að leita, taka við og miðla upplýsingum, 15. gr. um félagaþrengi, 16. gr. um friðhelgi einkalífs og samskipta og 17. gr. um aðgang barna að upplýsingum og efni frá fjölmiðlum. Afmörkuninni er þannig ætlað að beinast að aðgangi barna að samfélagsmiðlum og skyldum foreldra og forsjáraðila í þeim efnum án þess að takmarka rétt barna að rafrænni þjónustu meðal annars í tengslum við nám.

Um 2. gr.

Í greininni er hugtakið samfélagsmiðill skilgreint á grundvelli hlutlægra eiginleika og virkni rafrænnar þjónustu. Í 2. mgr. eru tilgreindir flokkar þjónustu sem falla utan hugtaksins þótt þjónustan kunni að bjóða upp á einstaka samskipta- eða miðlunareiginleika.

Við mótnun ákvæðisins var tekið mið af meginreglu EES-réttar um réttaröryggi og fyrirsjáanleika laga. Í athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. ágúst 2026 við drög að norsku frumvarpi um aldursmörk á samfélagsmiðlum kom m.a. fram að reglur á þessu sviði yrðu að vera skýrar, nákvæmar og fyrirsjáanlegar í lagatexta en ekki háðar frekara mati stjórnvalda eða skilgreindar í reglugerðum. Skilgreining hugtaksins samfélagsmiðill og tilgreind rafræn þjónusta sem fellur utan þeirrar skilgreiningar eru settar fram í lagatextanum með hliðsjón af framangreindum athugasemdum. Við afmörkun hugtaksins var bæði litið til skilgreiningar í drögum að frumvarpi Noregs og reglugerðar (ESB) 2022/2065/EB um innri markað fyrir stafræna þjónustu (Digital Services Act., DSA). Reglugerðin hefur enn sem komið er ekki verið innleidd í EES-samninginn en hugtakanotkun hennar var höfð til

hliðsjónar. Við afmörkun hugtaksins var einnig leitað til sérfræðinga á sviði netöryggis barna í stafrænum málum hér á landi hjá Netvís og Fjölmiðlanefnd.

Í 1. mgr. eru tilgreind þrjú skilyrði sem rafræn þjónusta þarf að uppfylla til að teljast samfélagsmiðill samkvæmt lögnum.

Samkvæmt a-lið þarf þjónustan að gera notanda kleift að búa til persónulegan reikning eða aðgang sem er tengdur viðkomandi einstaklingi. Ekki er nauðsynlegt að reikningurinn eða aðgangurinn sé tengdur raunverulegu nafni eða auðkenni notandans.

Samkvæmt b-lið þarf þjónustan að gera notanda kleift að geyma og miðla efni til almennings sem notandi býr til, hleður upp eða deilir, svo sem texta, myndir, hljóð- eða myndskreið. Með miðlun til almennings er átt við að efnið sé gert aðgengilegt ótilgreindum eða mögulega ótakmörkuðum fjölda einstaklinga. Skilyrðið gerir ekki kröfu um að allt efni hvers notanda sé opinbert, enda getur notandi almennt stýrt að einhverju leyti hverjir hafa aðgang að efni hans. Jafnframt er áskilið að þjónustuveitandinn beri ekki ritstjórnarlega ábyrgð á notendaefninu með sambærilegum hætti og ábyrgðarmaður fjölmiðils ber ábyrgð á vali og skipan efnis samkvæmt lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011. Þetta útilokar ekki að þjónustuveitandi sinni efnisstýringu, fjarlægji ólöglegt efni eða beiti sjálfvirkum kerfum til að flokka og raða efni. Slík efnisstýring jafngildir ekki ein og sér ritstjórnarlegri ábyrgð á efninu. Hugtakanotkunin samræmist að þessu leyti skilgreiningum laga um fjölmiðla á fjölmiðlaþjónustu.

Samkvæmt c-lið þarf þjónustan að bjóða upp á félagslega virkni, svo sem að tengsl eða samskipti séu á milli notenda, möguleika á að líka við efni, skrifa athugasemdir eða deila því áfram.

Við mat á því hvort einstök þjónusta falli undir ákvæðið verður að líta til virkni hennar á hverjum tíma. Því er ekki rétt að tilgreina í lögskýringargögnum að ákveðin nafngreind þjónusta falli undantekningarlaust undir löginn, enda getur virkni, hönnun og meginhlutverk þjónustunnar breyst og þarf að meta hverju sinni.

Í 2. mgr. eru tilgreindir flokkar rafrænnar þjónustu sem falla utan hugtaksins ef meginhlutverk þjónustunnar fellur undir viðkomandi lið. Við mat á því hvort umrædd þjónusta sé samfélagsmiðill ræður því meginhlutverk þjónustunnar en ekki hvort hún býður upp á einstaka eiginleika sem einkenna samfélagsmiðil eins og hann er skilgreindur í a. - c. lið 1. mgr.

Samkvæmt a-lið falla tölvuleikir og spilun tölvuleikja utan við ákvæðið þegar leikjaspilun er meginhlutverk þjónustunnar. Spjall eða önnur samskipti milli leikmanna breyta því ekki ein og sér eðli þjónustunnar þar sem meginhlutverkurinn er tölvuleikjaspilun. Um aldursmörk á tölvuleikjum og eftirlit með aðgangi barna að þeim gilda lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006.

Samkvæmt b-lið falla þjónustur sem hafa reglubundna fréttamiðlun til almennings sem meginhlutverk og eru háðar ritstjórnarlegri ábyrgð samkvæmt lögum um fjölmiðla ekki undir hugtakið samfélagsmiðill. Þótt slíkar þjónustur bjóði notendum að stofna aðgang eða bregðast við efni breytir það ekki meginhlutverki þeirra sem ritstýrðir fjölmiðlar. Undanþágan er ekki bundin við að fjölmiðlaveita sé skráð hér á landi og tekur því einnig til fjölmiðla sem heyra undir lögsögu annars EES-ríkis. Henni er meðal annars ætlað að taka tillit til réttar barna til að leita og taka við upplýsingum og mikilvægi aðgangs þeirra að fjölmiðlum.

Samkvæmt c-lið falla þjónustur sem hafa kaup og sölu á vörum eða þjónustu að meginhlutverki utan ákvæðisins. Umsagnir, einkunnagjöf eða samskipti kaupenda og seljenda leiða ekki ein og sér til þess að þjónustan teljist samfélagsmiðill.

Samkvæmt d-lið falla fræðslu-, náms- og kennslukerfi utan ákvæðisins. Þar undir falla meðal annars námsumsjónarkerfi og önnur stafræn kerfi sem notuð eru við skipulag kennslu, samskipti vegna náms eða miðlun námsefnis. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að lögin takmarki nauðsynlegan aðgang barna að námi og kennsluefni. Dæmi um slík forrit eru Inna og Mentor. Rétt er að taka fram að framangreind forrit eru nefnd sem leiðbeining en eðli þeirra getur breyst eða þau úrelst.

Samkvæmt e-lið falla samskipti í lokuðum hópum vegna skipulags skóla-, íþrótta-, tómstunda- eða frístundastarfs utan ákvæðisins. Með lokuðum hópi er átt við afmarkaðan hóp þátttakenda sem fær aðgang á grundvelli tengsla við viðkomandi starf, en ekki hóp sem almenningur getur gengið í án sérstakrar samþykktar eða tengsla við starfsemina. Dæmi um slíkt er forrit á borð við Abler. Rétt er að taka fram að framangreind forrit eru nefnd sem leiðbeining en eðli þeirra getur breyst eða þau úrelst.

Samkvæmt f-lið fellur þjónustan utan ákvæðisins ef megintilgangur hennar er að miðla lokuðum skilaboðum milli einstaklinga eða innan afmarkaðs hóps, án þess að efni sé miðlað til almennings. Dæmi um slíka þjónustu eru forrit á borð við tölvupóst, SMS, Signal og Whatsapp. Rétt er að taka fram að framangreind forrit eru nefnd sem leiðbeining en eðli þeirra getur breyst eða þau úrelst.

Um 3. gr.

Greinin er kjarnaákvæði frumvarpsins. Þar er mælt fyrir um aldursmark fyrir sjálfstæðan aðgang barna að samfélagsmiðlum og skyldu foreldra og forsjáraðila til að sjá til þess að börn þeirra virði aldursmarkið. Jafnframt er tekið af tvímæli um að skyldan leggi hvorki beinar né óbeinar skyldur á þá sem veita rafræna þjónustu sem telst samfélagsmiðill samkvæmt 2. gr. laganna. Með þeirri afmörkun er sérstaklega tekið mið af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. ágúst 2026 við norskt frumvarp um aldursmörk á samfélagsmiðlum.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að barn yngra en 15 ára skuli ekki hafa sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum og að aldursmörk miðist við fæðingarár en ekki fæðingardag. Barn telst því hafa náð aldursmarkinu frá 1. janúar þess almanaksárs sem það verður 15 ára. Samkvæmt framangreindu getur barn sem verður 15 ára í desember fengið sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðli 1. janúar árið sem það nær 15 ára aldri. Val á aldursmarkinu byggir annars vegar á samráði hér á landi við börn við vinnslu frumvarpsins þar sem gögnin sýna skýrt sjónarmið barna um hækkun á lágmarksaldri fyrir aðgangi að samfélagsmiðlum úr 13 árum í 15 ár. Þá var einnig tekið mið af þeirri þróun sem er innan Evrópu en nýlega gaf Evrópusambandið út tilkynningu um tillögu að reglugerð um vernd barna á netinu (e. The Kids Act., COM(2026) 681 final) þar sem m.a. er miðað við 15 ára aldur fyrir sjálfstæðum aðgangi barna að samfélagsmiðlum. Aldursmark laganna felur í sér almennt aldursviðmið og byggist ekki á því að öll börn hafi náð sama þroska við tiltekinn aldur heldur að börn í sama fæðingarárgangi lúti sama viðmiði á sama tíma og til að draga úr aðstöðumun og hópþrýstingi innan árgangs. Með sjálfstæðum aðgangi er átt við að barn hafi eigin notendareikning eða ráði með öðrum hætti sjálft yfir aðgangi sínum inn á samfélagsmiðil. Ekki er mælt fyrir um sérstök viðurlög vegna brots gegn skyldunni enda er markmið laganna fyrst og fremst samfélagslegt

viðmið og stuðningur fyrir foreldra og forsjáraðila við að setja samræmd mörk um samfélagsmiðlanotkun barna.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu foreldra og forsjáraðila til að sjá til þess að börn hlíti ákvæðum 1. mgr. og virði þau aldursmörk sem þar eru sett fram með því að koma í veg fyrir að börn séu með sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum. Ákvæðið fellur að almennum forsjár- og uppeðisskyldum samkvæmt 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Þar kemur meðal annars fram að foreldrum beri að annast barn sitt, sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeðisskyldum sínum svo sem best hentar hag barnsins og þörfum þess. Ákvæðið á sér einnig hliðstæðu í almennum verndarákvæðum XVII. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002 en samkvæmt 94. gr. þeirra laga skulu foreldrar eða forsjáraðilar sjá til þess að börn hlíti meðal annars ákvæði 92. gr. laganna um útivistartíma og virði þau aldursmörk sem þar koma fram. Með sambærilegum hætti er þessu ákvæði frumvarpsins ætlað að styðja foreldra og aðra forsjáraðila við að setja börnum yngri en 15 ára skýr mörk þegar kemur að aðgengi að samfélagsmiðlum.

Í 3. mgr. er tekið af tvímæli um að skylda foreldra og forsjáraðila samkvæmt 2. mgr. leggur hvorki beinar né óbeinar skyldur á þá sem veita rafræna þjónustu sem telst samfélagsmiðill samkvæmt 2. gr. laganna. Þjónustuveitendum er þannig ekki gert að sannreyna aldur notenda, afla samþykkis forsjáraðila, synja notendum um aðgang, fylgjast með notkun þeirra eða grípa til annarra tæknilegra eða rekstrarlegra ráðstafana. Þessi skýra afmörkun tekur mið af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. ágúst 2026 við norsk drög að frumvarpi til laga um aldursmörk barna inn á samfélagsmiðla. Þar taldi ESA að orðalag norsku draganna gæti gefið til kynna að veitendum rafrænnar þjónustu sem telst samfélagsmiðill bæri í reynd að stjórna aðgengi barna inn á miðlana þótt norska ríkið hefði lýst því yfir að engar skyldur ættu að hvíla á þjónustuveitendum heldur á foreldrum og forsjáraðilum. Í athugasemdum ESA kemur fram að ef frumvarpið væri skýrt um að það legði engar skyldur á veitendur rafrænnar þjónustu sem telst samfélagsmiðill félli það utan hins samræmda sviðs tilskipunar nr. 2000/31/EB um rafræn viðskipti. Ákvæði 3. mgr. er því ætlað að taka af tvímæli um að skyldan samkvæmt 1. og 2. mgr. hafi ekki slík réttaráhrif heldur beinist að foreldrum og forsjáraðilum.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu ráðherra til að stuðla að því að fram fari reglubundin fræðsla fyrir börn, foreldra og forsjáraðila um ábyrga notkun samfélagsmiðla og áhrif slíkrar notkunar á heilsu, þroska og velferð barna. Ákvæðið kveður á um samvinnu ráðherra með þeim ráðherrum sem fara með viðeigandi málaflokka.

Málefni sem tengjast notkun barna á samfélagsmiðlum falla undir stjórnarmálefni fleiri en eins ráðherra. Samkvæmt forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum, heyra málefni barna og grunnskóla undir mennta- og barnamálaráðuneyti, fjölmiðlar, þar á meðal netmiðlar, undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti, rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta undir atvinnuvegaráðuneyti, fjarskipti og netöryggi undir innviðaráðuneyti og lýðheilsa, heilsuefling og forvarnir undir heilbrigðisráðuneyti. Samstarf milli viðkomandi ráðherra er því nauðsynlegt til að fræðslan byggist á heildstæðri nálgun og samræmdri þekkingu á réttindum barna, fjölmiðlum og stafrænni þjónustu, tæknilegu öryggi og áhrifum notkunar barna á samfélagsmiðlum á heilsu og þroska þeirra.

Ákvæðið undirstrikar að lögunum er ætlað að vera forvarnarmiðuð og styðja foreldra og forsjáraðila við uppeðishlutverk þeirra. Til þess að markmið laganna náist er mikilvægt að

börn, foreldrar og forsjáraðilar hafi aðgang að vandaðri og reglubundinni fræðslu um þá áhættu sem getur fylgt ótímabærri eða óhóflegri notkun samfélagsmiðla. Fræðslan getur meðal annars tekið til miðlalæsis, persónuverndar, netöryggis, skaðlegs efnis og háttsemi á netinu og áhrifa samfélagsmiðla á líkamlega og andlega heilsu, svefn, þroska og félagsleg samskipti barna. Jafnframt er mikilvægt að fjallað sé um réttindi barna í stafrænu umhverfi, þar á meðal rétt þeirra til upplýsinga, tjáningar, þátttöku, friðhelgi einkalífs og verndar gegn skaðlegu efni og háttsemi.

Sérstaklega er tekið fram að fræðslan skuli meðal annars fara fram á vettvangi grunnskóla. Með því er tryggt að unnt sé að ná með reglubundnum hætti til barna á grunnskólaaldri og tengja fræðsluna við skólastarf sem tengist beint inn á kafla 26 í aðalnámsskrá grunnskóla um upplýsinga- og tæknimennt ásamt samstarfi skóla við foreldra og forsjáraðila. Orðalagið útilokar þó ekki að fræðsla fari einnig fram á öðrum vettvangi eða með öðrum leiðum.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gildistöku laganna. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Ekki er því miðað við ákveðinn gildistökudag enda getur tímasetning endanlegrar afgreiðslu frumvarpsins ráðist af tilkynningarferli samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins og meðferð málsins á Alþingi. Varðandi tilkynningu frumvarpsins til Eftirlitsstofnunar EFTA vísast til kafla 4.2.

Um 6. gr.

Greinin hefur að geyma breytingu á 5. mgr. 10. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Þar er fjallað um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga þegar barni er boðin þjónusta upplýsingasamfélagsins með beinum hætti og vinnslan byggist á samþykki þess. Samkvæmt gildandi ákvæði telst slík vinnsla lögmæt á grundvelli samþykkis barns hafi það náð 13 ára aldri, að því gefnu að önnur skilyrði fyrir gildi samþykkis samkvæmt persónuverndarlöggjöf séu uppfyllt. Sé barn yngra en 13 ára telst vinnslan aðeins lögmæt að því marki sem forsjáraðili heimilar samþykkið. Lagt er til hér að aldursmarkið verði hækkað úr 13 ára í 15 ára. Breytingin felur það í sér að þegar þjónusta í upplýsingasamfélaginu er boðin barni yngra en 15 ára með beinum hætti og vinnsla persónuupplýsinga þess byggist á samþykki verður samþykkið að vera gefið eða heimilað af forsjáraðila barnsins.

Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (almenna persónuverndarreglugerðin) er miðað við að barn þurfi að hafa náð 16 ára aldri til að geta sjálft samþykkt vinnslu persónuupplýsinga þegar því er boðin þjónusta upplýsingasamfélagsins með beinum hætti. Ríkjum er þó heimilt að ákveða lægra aldursmark í landslögum, enda sé það ekki lægra en 13 ár. Svo sem fram kemur í greinargerð við frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 var við samningu ákvæðis 5. mgr. 10. gr. laganna horft til nágrannaríkjanna varðandi aldursmarkið og lagt til að fara sömu leið og valin var í danska, norska og sænska frumvarpinu til innleiðingar á almennu persónuverndarreglugerðinni. Mörg aðildarríki nýttu sér svigrúm reglugerðarinnar til að áskilja lægri aldur en 16 ára en umræðan víða undanfarin misseri bendir til vilja til að breyta aldursmarkinu þannig að það verði hækkað, eins og hér er lagt til. Hækkun aldursmarksins úr 13 árum í 15 ár er samkvæmt framansögðu innan þess svigrúms sem reglugerðin veitir og í samræmi við áherslur frumvarpsins. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. almennu

persónuverndarreglugerðarinnar og 5. mgr. 10. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gildir aðeins þegar vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki. Breytingin felur því hvorki í sér almennt bann við vinnslu persónuupplýsinga barna yngri en 15 ára né að samþykki foreldra eða forsjáraðila sé ávallt nauðsynlegt þegar börnum er boðin þjónusta upplýsingasamfélagsins. Vinnsla getur eftir sem áður farið fram á grundvelli annarra heimilda 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, að því gefnu að skilyrði viðkomandi vinnsluheimildar séu uppfyllt.

Að baki breytingunni liggja þau sjónarmið að börn hafa almennt takmarkaðri forsendur en fullorðnir til að átta sig á umfangi og langtímaafleiðingum vinnslu persónuupplýsinga. Samþykkisbeiðnir og notendaskilmálar eru oft flóknir og ógagnsærir og geta verið settir fram með þeim hætti að notendum sé beint að vali sem þjónar hagsmunum þjónustuveitenda. Hærra aldursmark er því talið styrkja persónuvernd barna og tryggja virkari aðkomu foreldra og forsjáraðila að ákvörðunum um vinnslu persónuupplýsinga barna. Jafnframt hefur verið horft til örrar tækniþróunar og þess að 15 ára aldursmark samræmist betur öðrum reglum um aukinn sjálfsákvörðunarrétt barna. Í því samhengi má nefna að sakhæfisaldur miðast við 15 ára aldur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Mikil umræða hefur verið í Evrópu um vernd barna í stafrænum heimi á síðastliðnum árum og hefur Danmörk m.a. breytt aldursmarki til að samþykkja vinnslu persónuupplýsinga úr 13 ára í 15 ára og tóku lög þess efnis gildi 1. janúar 2024 (d. Lov nr. 1783 af 28. december 2023 (Lov om ændring af databeskyttelsesloven (Justering af aldersgrænsen for samtykke til behandling af personoplysninger i forbindelse med udbud af informationssamfundstjenester)). Þá hefur Noregur einnig boðað breytingar á sinni löggjöf þar sem stendur til að hækka aldur til að veita sjálfstætt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga úr 13 ára í 15 ára.

Rétt er að vekja athygli á því að aldursmörk samkvæmt grein þessari og aldursmörk samkvæmt 3. gr. hafa ólíkt efnislegt gildissvið enda miða greinarnar ekki við sama tímamark. Samkvæmt 3. gr. miðast aldursmark sjálfstæðs aðgangs barna að samfélagsmiðlum og skyldu foreldra og forsjáraðila til að sjá til þess að börn virði þar til greind aldursmörk við 1. janúar árið sem barn verður 15 ára. Samkvæmt þessari grein miðast heimild barns til að samþykkja vinnslu persónuupplýsinga við 15 ára afmælisdag þess. Barn kann því að mega hafa sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðli samkvæmt 3. gr. áður en það getur sjálft samþykkt vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2018. Á því tímabili þarf foreldri eða forsjáraðili þess að samþykkja vinnsluna fyrir barn sitt ef vinnslan byggist á samþykki.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um endurskoðun laganna ef samræmdar EES-reglur um aldursmörk, aðgang eða aldursstaðfestingu barna á samfélagsmiðlum taka gildi. Á vettvangi Evrópusambandsins er unnið að samræmdum reglum um vernd barna í stafrænu umhverfi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði fram þann 17. september 2026 tillögu að reglugerð um vernd barna á netinu (e. EU Kids Act., COM(2026) 681 final). Tillagan gerir meðal annars ráð fyrir að börn geti stofnað sjálfstæðan reikning á samfélagsmiðlum frá 15 ára aldri, sérstöku fyrirkomulagi fyrir yngri börn og skyldum þjónustuveitenda varðandi aldursstaðfestingu og örugga hönnun þjónustu. Tillagan er á upphafsstigi og óvíst er hvenær og í hvaða mynd hún verður samþykkt og tekin upp í EES-samninginn.

Í athugasemdum ESA frá 5. ágúst 2026 við norska frumvarpið kom fram að innlend löggjöf gæti verið bráðabirgðalausn meðan unnið væri að reglum á vettvangi ESB. ESA hvatti jafnframt til þess að gert yrði ráð fyrir fyrirkomulagi til að endurskoða eða afturkalla innlendar ráðstafanir brott ef samsvarandi EES-reglur yrðu teknar upp. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að íslensku löginn verði endurmetin þegar samræmdar EES-reglur taka gildi, meðal annars með tilliti til gildissviðs, ábyrgðar þjónustuveitenda, aldursstaðfestingar og virkni innri markaðarins. Endurskoðun felur ekki sjálfkrafa í sér brottfall laganna heldur mat á því hvort breyta þurfi þeim eða fella þau brott vegna nýrra EES-reglna.

DRÖG